


Erindi íbúa dags. 17. apríl 2020 um umferðarmál í Hlíðunum.

Ágæta Íbúaráð Miðborgar og Hlíða,


Einstefna Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar liggur í dag til austurs. Þetta gerir að verkum að akandi íbúar Skaftahlíðar sem eiga leið til austurs eftir Miklubraut neyðast til þess að aka í hring, fyrst að Stakkahlíð, þá norður að Bólstaðarhlíð, vestur að Lönguhlíð í gegnum Bólstaðarhlíð og loks Lönguhlíð til suðurs áður en komið er að gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar þar sem hægt er að beygja til vesturs.

Ljóst er að umferð þessi er þyngst á morgnum virkra daga. Umferðin flæðir í gegnum Bólstaðarhlíð, næstliggjandi íbúagötu, og framhjá aðalinngangi Ísaksskóla við Stakkahlíð þar sem ung börn eiga leið í skóla, ýmist sem gangandi vegfarendur eða sem farþegar í bifreið, sem aftur eykur umferðaröngþveiti Stakkahlíðar á þessum tíma. Þessi umferð stuðlar þannig bæði að auknu ónæði fyrir íbúa Bólstaðarhlíðar og aukinni umferðarhættu fyrir börnin í hverfinu.




Mynd 1: Umferð akandi íbúa Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar sem eiga leið vestur eftir Miklubraut, með núverandi einstefnu Skaftahlíðar frá vestri til austurs

Ef einstefnunni yrði snúið og lægi þannig frá austri til vesturs gætu íbúar Skaftahlíðar keyrt rakleiðis út á Lönguhlíð, sem er næsta stofnbraut, án truflunar við íbúa Bólstaðarhlíðar eða nemendur við Ísaksskóla.



Mynd 2: Umferð akandi íbúa Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar sem eiga leið vestur eftir Miklubraut með breyttri einstefnu Skaftahlíðar frá austri til vesturs.

Einstefnan frá vestri til austurs veldur því einnig að íbúar Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar sem eiga leið heim til sín vestur eftir Miklubraut geta ekki notað frárein sem liggur frá Miklubraut inn í Stakkahlíð. Þetta veldur aukinni umferð á umferðarljósum Miklubrautar og Lönguhlíðar, sem verður nokkuð þung á álagstímum, en komist yrði hjá ef einstefna Skaftahlíðar lægi frá austri til vesturs þar sem íbúar gætu keyrt beint inn í Skaftahlíð til vinstri eftir frárein.



Mynd 3: Umferð akandi íbúa Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar á heimleið austur eftir Miklubraut. Rauðar örvar tákna umferð með núverandi einstefnu frá vestri til austurs, en grænar örvar tákna umferð með breyttri einstefnu frá austri til vesturs.

Með ofangreindum rökum vil ég koma á framfæri tillögu þess efnis að einstefnu Skaftahlíðar vestan Stakkahlíðar verði snúið við og höfð frá austri til vesturs. Breytingin felur ekki aðeins í sér hagkvæmni

fyrir íbúa götunnar sem um ræðir, heldur yrði hún einnig til þess að draga úr ónæði við íbúa nágrennisins og ekki síst auka öryggi grunnskólabarna í hverfinu.

Nú er það hlutverk íbúaráðs m.a. að stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar og styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég vil því spyrja: Nú þegar ég hef komið þessu sjónarmiði mínu á framfæri við íbúaráð, hver væru ykkar ráðlögðu næstu skref til þessa fylgja þessari tillögu eftir?

Kveðja,
Jóhann Ívar Björnsson

Undirritaður er íbúi við Skaftahlíð vestan Stakkahlíðar og fyrrum nemandi við Ísaksskóla.